

Fundargerð

Hellismenn og Ferðafélag Íslands

Fundarstaður: Hellu, Suðurlandsvegi 1-3, 2 hæð í fundarsal Rangárþings Ytra

Fundartími: 09:30-10:30

Fundarritari: Þórdís Björt Sigþórsdóttir

Afrit sent á alla fundarmenn til samþykktar

Fundarmenn:

Engilbert Olgeirsson, Hellismenn

Guðný Eiríksdóttir, Hellismenn

Haraldur Eiríksson, Hellismenn

Hákon Ásgeirsson, Umhverfisstofnun

Kristinn Guðnason, Rangárþingi ytra

Ólafur Örn Haraldsson, Ferðafélag Íslands

Páll Guðmundsson, Ferðafélag Íslands

Sigurgeir Guðmundsson, Rangárþingi ytra

Þórdís Björt Sigþórsdóttir, Umhverfisstofnun

Þórhalla G. Gísladóttir, Hellismenn

Markmið fundar

1. Farið yfir áherslur fundarins og hvaða afurð við leitum eftir í lok fundar.
2. Kynning á gerð stjórnunar- og verndaráætlunar um friðland að Fjallabaki.
3. Farið yfir drög af korti með gönguleiðum.
4. Farið yfir sérreglur um umferð og dvöl og þá möguleika að takmarka umferð á viðkvæmum svæðum.
 - a. viðkvæmstu svæðin eru háhitasvæðin sem er innan Torfajökulsöskjunnar og má því gera ráð fyrir að Askja sjálf verði afmörkuð sem mjög viðkvæmt svæði.
5. Atvinnustefna
6. Önnur mál sem þarf að bæta eða laga innan friðlandsins.
7. Tekið saman það sem farið var yfir á fundinum.

1. Hákon fer yfir áherslur fundarins og hvað leitast verður að að ræða, markmið og lokaafurð. Umhverfisstofnun vill fá sem flestar upplýsingar frá þeim aðilum sem eru að nýta friðlandið fyrir ferðamenn, s.s. hvað þarf að bæta, einhverjar sérstakar reglur sem þeir telja að þurfi að setja, umferðarreglur og annað sem þarf að gera til að bæta umferð, öryggi og umgengni innan friðlandsins.
2. Þórdís kynnir hvað stjórnunar- og verndaráætlun felur í sér svo allir fundarmenn séu meðvitaðir um þá vinnu.
3. Hákon fer yfir kortin, hvers vegna áhersla verður að stýra umferð frekar á viðkvæmstu svæðunum, sem er Torfajökulsaskjan, en þa er háhitasvæðið (ljósfjólublái hringurinn á kortinu). Þar er stefnt á að verði strangari stýring á umferð um svæðið og mjög skýrar umferðarreglur. Síðan eru gígar frá nútíma sem eru dökkfjólubláir, nokkuð viðkvæmt svæði, síðan síður viðkvæmt svæði sem er merkt með grænu. Einnig sést á kortinu þær vistgerðir sem njóta verndar sem er að finna víða innan svæðisins.

4. Sérreglur um umferð og dvöl

Rætt var umferð á viðkvæmum svæðum og af hverju ætti að takmarka/banna umferð á einstaka svæðum. Hákon sagði að fyrst og frems er verið að stýra umferð ekki banna og mikilvægi þess að finna leiðir til að vernda þessi allra viðkvæmstu háhitasvæði. Þá er einnig sjónarmið að vernda óbyggðaupplifun með því að hafa frekari stýringu innan friðlandsins á þeim farartækjum sem valda meiri hávaðamengun en önnur. Rætt voru þær hugmyndir að skilgreina ákveðna tíma semákveðin farartæki hefðu hefðu heimild til að fara um ákveðin svæði.

Fjallað var um rally innan friðlandsins og fundarmenn sammála því að það ætti að banna það innan friðlandsins.

Hellismenn töldu mikilvægt að skilin milli hálendis og láglendis væru skýrari, fólk sjái oft ekki að það sé komið inn á F veg. Þá fannst sumum að keðjan sem lokar fyrir umferð á vorin ætti að vera ofar á Landmannaleið þannig að opið verði fyrir inn að Heklu. Fólk sammála um að bæta þyrfti vegina. Rætt var mikilvægi þess að klára kortagrunn og skilgreina alla vegi, Hákon benti á að sveitarfélagið á að klára þá vinnu 2020, en skilgreining vega á að liggja fyrir í vegaskrá fyrir þann tíma.

Fulltrúa FÍ voru samála því að það væri mikilvægt að stýra umferð á svæðinu. Einn göngumaður getur valdið skemmdum og það er af hinu góða að setja reglur af öryggissjónarmiðum og til verndar.

Fundarmenn sammála því að halda í hefðir eins og að reka fé á fjall. Menn haldi í hefðir – sauðfé – reka á fjall og sækja og smala, hluti af landinu og á að varðveita (FÍ).

Áhugi fyrir því að FÍ og aðrir klúbbar/ferðafélög taki að sér ýmis verkefni, samráðið yrði þá aukið í að vera virkara og taka meira þátt í uppbyggingunni, ekki síst út af aðgengi að vötnunum.

He: verða til lóðir í kjölfar deiliskipulag, verið að vera ákvæði um lágmarksskilyrði um útlit og stærð húsa, einnig notkun, dæmi nefnt í Landmannahelli, hús til einkanota. Verði að vera í einhverju marki í ferðapjónustu. Bent var að það hefur verið þannig að UST hefur ekki haft tök á að sinna þessu svæði.

Rætt var lóðir í kjölfar deiliskipulags og fundarmenn sammála því að það ætti að vera einhver lágmarksskilyrði og viðmið um rekstur þegar menn eru að setja upp hús og rekstur innan svæðisins. Hákon benti á að allt sem er sett í deiliskipulag er háð leyfi Umhverfisstofnunar þegar kemur til framkvæmda.

5. Atvinnustefna

Fundarmenn sammála því að gerð verði atvinnustefnu og að nýtingin sé háð því að aðilar uppfylli ákveðnar nýtingar, en fundarmenn voru með áhyggjur að menn gætu yfirboðið starfsemi sem hefur verið í langan tíma, eins og Hellismenn hafa verið með.

FÍ fagna því að unnin verða atvinnustefna, af hinu góða, skilgreina hlutina og setja í ramma, góða við það er að kveðið er á um samvinnu og samráð. FÍ telja sig ekki þurfa vera með áhyggjur af yfirboði, þeir sem hafa starfað í lengri tíma því það er formsatriði, þá er einfaldlega sagt að þeir sem hafa verið lengi og sinnt kröfum, þeir væru áfram þótt það færi í auglýsingu. En um leið að svona vinna sé raunhæf, ekki bara reglur og kvaðir.

Það sem verið er að gera hér er að koma á rekstrarleyfi og skilgreiningu á rekstri, sá aðili sem fær leyfi að vera með rekstur sem kemur með 1-2 bíla, þá þurfi menn að sækja um leyfi og skilgreindar kvaðir. Gæði tækja sem þarf að fara eftir, alveg eins með rekstur innan friðlandsins. Þar sem menn uppfylli ákveðin atriði.

Fundarmenn sammála því að mikilvægt sé að atvinnustefnan komi að einhverju leyti fram í stjórnunar- og verndaráætluninni.

6. Samantekt:

Áhugi fyrir því að FÍ og aðrir klúbbar/ferðafélög taki að sér ýmis verkefni, samráðið yrði þá aukið í að vera virkara og taka meira þátt í uppbyggingunni, ekki síst út af aðgengi að vötnunum.

Allir vilja vegabætur. Skilgreina vegi (hluti af vegalögum, sveitarfélagið). Framtíðarsýn innan friðlandsins í sambandi við vegakerfið. Lágstemmda ferðamannavegi, þessvegna malbikaða, ákveðnir breiðir og hámarkshraða.

Fræðsla, upplýsingastarf – FÍ styður allt slíkt, samræma allt betur. Fundarmenn sammála því.

Talað var um að það vantaði landverði í Landmannahelli og að þeir ættu að vera sýnilegri þar. Hákon sammála því, það sem UST er að gera núna er að festa viðveru í Landmannalaugum, síðan vonandi föst

viðvera í Landmannahelli, eða ákveðnum tíma dags. Föst viðvera er í Hrauneyjum yfir sumarið, en kannski ekki að dekkja þetta svæði.

Fundarmenn sammála því að atvinnustefna verði unnin og byrjað að móta hana í stjórnunar- og verndaráætluninni.

Sammála því að mikilvægt er að setja skýran ramma utan um viðkvæmustu svæðin í samráði við þá sem eru á þessu svæði, til dæmis vélsleðamenn og gönguhópa.

Mál sem FÍ vildi koma á framfæri:

Einstefna á Laugaveginum og ítölur á háannatíma, stýring inn í Landmannalaugum. Séu ákveðin hlið inn í Landmannalaugar, fara með öðrum transport inn í Laugar (rafrútum t.d.) að það sé sérákvæði að það sé ekki heimilt að tjalda hvar sem er, salernismál á Laugaveginum, einfaldast að hafa snyrtilega kamra, ekkert óeðlilegt að FÍ beri ábyrgð á því, ákveðnar kvaðir sem FÍ myndi taka að sér. Starfsfólk þeirra í eðli sínu landverðir (Hellismenn og FÍ).

Pláss fyrir alla og tillitssemi – fólk mætist, nærgætni, en sumsstaðar fer þetta ekki endilega saman, ákveðnir árekstrar, FÍ eru að sjá / bregður þegar hjólreiðamenn á ákveðnum stöðum. Skilgreina ákveðnar gönguleiðir, reiðhjól niður Hattver, fara niður alls kyns brekkur, ferðin oft mjög mikil. Mikilvægt að aðskilja að hluta gönguleiðir og reiðleiðir. Hattver og Jökulgil, svo viðkvæmir staðir, grípa inn í þar og skilgreina umferðina þar og hvort megi fara án leiðsagnar. Fundarmenn sammála að það þurfi leiðsögn þarna. Jökulsgilskvíslin, hún er ekki fyrir hvern sem er, stórhættuleg fyrir óvana.